



## Námskeið í tóbaksvörnum fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Lýðheilsustöð í samstarfi við Landspítalann, Félag íslenskra lungnalækna, Félag heimilislækna, Félag hjúkrunarfræðinga, Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga og Tannlæknafélag Íslands stendur fyrir námskeiði í tóbaksvörnum fyrir heilbrigðisstarfsfólk dagana 13. og 14. nóvember n.k.

Námskeiðinu er ætlað að veita heilbrigðisstarfsfólki hagnýta þekkingu og kunnáttu í að aðstoða fólk við að hætta að nota tóbak.

Kynntar verða nýjungar í tóbaksvörnum og faraldsfræði tóbaksnotkunar. Farið verður yfir helstu þætti tóbaksvarna meðal annars skaðsemi, ávinninginn af því að hætta að nota tóbak, tóbaksfíkn, reykleysislyf, hegðunarbreytingar og kynnt verður hugmyndafræðin í áhugahvetjandi samtalstækni. Kennarar/fyrirlesarar eru sérfræðingar í læknisfræði, sálfræði og heilbrigðisvísindum. Kennslan samanstendur af fyrirlestrum, umræðum og verklegum æfingum. Markmiðið er að efla heilbrigðisstarfsfólk sem sinnir tóbaksvörnum, eða hefur áhuga á því, þannig að það geti af öryggi og faglegri hæfni hvatt og aðstoðað fólk til að hætta tóbaksnotkun.

Sérfræðingar reyksímans munu veita þeim sem vilja aðstoð eftir námskeiðið.

**Nánari upplýsingar og skráning á [endurmenntun.is](http://endurmenntun.is) eða í síma 525 4444**

### Umsjónarmaður og kennari:

Sveinbjörn Kristjánsson,  
verkefnastjóri í fræðslumálum hjá  
Lýðheilsustöð

### Kennarar:

Héðinn S. Björnsson, verkefnastjóri  
í fræðslumálum hjá Lýðheilsustöð

Hans Jakob Beck,  
yfirlæknir lungnasviðs á  
Reykjalundi

Sigurjón Arnlaugsson,  
lektor við Tannlæknadeild HÍ

Ásgeir Helgason,  
dósent í sálfræði

Guðrún Árný Guðmundsdóttir,  
hjúkrunarfræðingur og  
verkefnisstjóri Reyksímans

Kristján Guðmundsson,  
heilsugæslulæknir

Sigurður Þór Sigurðsson,  
sérfræðingur í lyflækningum og  
lungnasjúkdómum

Þorsteinn Blöndal, prófessor við  
Miðstöð í lýðheilsuvísindum, HÍ

### Hvar:

Neskirkju 13. nóv.  
Endurmenntun 14. nóv.

### Hvenær:

fim. 13. nóv. kl. 10:00-17:00  
fös. 14. nóv. kl. 9:00-16:00

### Verð:

33.900 krónur